

Skýrsla framkvæmdastjóra SAM árið 2013

Almenn starfsemi SAM var svipuð árið 2013 og undanfarin ár. SAM sinnti sameiginlegum hagsmunamálum afurðastöðva mjólkuriðnaðarins, þar með talið samskiptum við innlenda hagsmunaaðila og við alþjóðleg hagsmunasamtök í mjólkuriðnaði. Fram til 30. júní 2013 var rekstur mjólkureftirlits og rannsóknastofa, sem sinntu efna- og gerlamælingum í mjólk, hluti af starfsemi SAM, en frá og með 1. júlí 2013 var sú starfsemi flutt til Mjólkursamsölnnar.

FRÆÐSLUNEFND MJÓLKURIÐNARINS

Verkefni Fræðslunefndar mjólkuriðnarins er að kynna mjólk og mjólkurvörur, hollustu þeirra og hreinleika. Stjórn SAM skipar fulltrúa í Fræðslunefnd, þar af einn að fenginni tilnefningu Landssambands Kúabænda. Árið 2013 sátu eftirtaldir í nefndinni: Guðni Ágústsson, Baldur Jónsson, Björn S Gunnarsson og Baldur Helgi Benjamínsson. Í tilefni af alþjóðlega beinverndardeginum 16. október 2013 skrifuðu fulltrúar Fræðslunefndar mjólkuriðnaðarins og Beinverndar undir nýjan samstarfssamning, en sama dag var einnig tilkynnt að íslenskir kúabændur hefðu ákveðið að gefa Beinvernd nýjan færanlegan beinþéttimæli til notkunar í samstarfi við heilsugæsluna í landinu. Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins er einnig með samstarfssamning við Íþróttakennarafélag Íslands.

BÓKHALDS- OG FJÁRMÁL

Auk umsýslu eigin bókhalds annast SAM einnig bókhald fyrir Verðmiðlunarsjóð mjólkur og lögbundinn Verðtilfærslusjóð mjólkur. Ársreikningur Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði er birtur í ársskýrslu SAM, en ársreikningur Verðmiðlunarsjóðs og Lögbundins Verðtilfærslusjóðs er skilað til Fjársýslu Ríkisins. Með lagabreytingu í árslok 2013 voru tveir síðarnefndu sjóðirnir felldir niður. Frá árslokum 2008 hefur starfsmaður SAM einnig annast útreikning launa fyrir Mjólkursamsölnuna ehf, auk annarra verkefna vegna starfsmannahalds Mjólkursamsölnnar.

SKÝRSLUHALD VEGNA MÓTTÉKINNAR MJÓLKUR OG RÁÐSTÖFUNAR HENNA

Samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands annast SAM mánaðarleg skil á Framleiðslu-, sölu- og birgðaskýrslum fyrir aðildarfélög SAM. Þær upplýsingar sem safnast til félagsins með vinnslu skýrslanna mynda grunn að tölfræði sem SAM safnar og vinnur fyrir aðildarfélagin. SAM veitir tölfræðiupplýsingar um mjólkuriðnaðinn meðal annars til Hagstofu Íslands og alþjóða mjólkuriðnaðarsamtakanna IDF (International Dairy Federation). Þá eru skýrslurnar grunnur útreiknings mánaðarlegra verðtilfærslna í Verðtilfærslusjóði SAM. Ítarlega er fjallað um móttöku mjólkur og ráðstöfun hennar síðar í ársskýrslunni.

SAMTÖK MJÓLKUR- OG KJÖTVINNSLA Á ÍSLANDI

SAM er aðili að Samtökum mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja (SMK) sem starfar innan Samtaka Iðnaðarins. Í samstarfi þessara þriggja aðila var á árinu unnið að margvíslegum verkefnum og hagsmunamálum landbúnaðarins bæði innan og utan iðnaðarins og atvinnulífsins. Umræða um innflutning á kjöt- og mjólkurvörum og niðurfelling á tollum hefur tekið mikinn tíma á liðnu starfsári, en um þessi mál hefur talsvert verið deilt opinberlega.

ERLEND SAMSKIPTI

Aðalfundur alþjóðlegu mjólkuriðnaðarsamtakanna (IDF) var haldinn í lok október í Yokohama í Japan. Bjarni Ragnar Brynjólfsson sótti fundinn sem fulltrúar íslenskrar mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaðar. Í kjölfar aðalfundar IDF var haldin ráðstefna þar sem farið er ítarlega yfir þróun framleiðslu, vinnslu og sölu mjólkur og mjólkurafurða í

heiminum. Allar glærur frá fyrirlestrum á ráðstefnunni voru fluttar á tölvunet Mjólkursamsölnunar og þannig gerðar aðgengilegar starfsmönnum fyrirtækisins. Næsti aðalfundur IDF verður haldinn í Ísrael í lok október 2014.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði eiga einn fulltrúa í Íslensku matvælarannsóknaneftndinni sem skipuð er af ráðherra landbúnaðar og sjávarútvegs. Aðrir fulltrúar koma frá Matís, MAST, Keldum, Sýni og NMÍ. Nefndin er íslenski hluti NMKL (nordisk methodik komitte for levnedsmiddel) sem er samnorrænn félagsskapur sem gefur út rannsóknaraðferðir fyrir matvæli. Nefndin er fóstuð hjá Matís og formaður hennar er Franklín Georgsson. Starf nefndarinnar felst í því að endurskoða áður útgefnar aðferðir og leiðbeiningar og meta hvenær breytinga er þörf og hvort gefa skuli út nýjar aðferðir með hliðsjón af því hvernig rannsóknarumhverfi þróast hverju sinni. Nefndir landanna hittist fjórum til sex sinnum á ári hver í sínu landi en árlega hittast nefndirnar á fjögurra daga vinnufundi sem haldinn er til skiptis á Norðurlöndunum. Ársfundurinn í ár er haldinn á Íslandi, nánar til tekið í Stykkishólmi seinni partinn í ágúst. Á fundinum skiptast nefndarmenn landanna niður á mismunandi svið eftir mælingum, örverusvið, efnamælingasvið og skynmatssvið. Fulltrúi SAM er Kristín Halldórsdóttir og situr á skynmatssviði.

SAM er aðili að norrænu samstarfi mjólkuriðnaðarsamtaka og fyrirtækja um mjólkurgæði, dýraheilbrigði og mjaltatækni (NMSM). Markmið NMSM er að vinna að bættum gæðum hrámjólkur með sérstaka áherslu á dýraheilbrigði, mjólkurgæði, mjaltatækni og fóðrun. Fulltrúar Íslands eru Jón K. Baldursson, Snorri Sigurðsson og Þorsteinn Ólafsson. Ársfundur samtakanna árið 2013 var haldinn í Noregi í byrjun júní þar sem fjallað var meðal annars um bakteríur í mjólk, PCR mælingar og samanburð á gæðaniðurstöðum milli landanna.